

Litla fræið

Einu sinni var lítið fræ.
Það var fræ af stóru tré.
Það óx á háu, fallegu tré.

– Bráðum fæ ég að detta,
sagði litla fræið.
– Ég fæ að detta
og þá verð ég að stóru tré.

Litla fræið datt af trénu
en það kom niður á stein.
Fræið lá á steininum.
Steinninn var kaldur.
Fræinu varð kalt.
Litla fræið fór að gráta.

➤ **Hvað er fræ?**

– Af hverju grætur þú, litla fræ?
sagði golan.
Það var hlý og góð gola.
– Ég græt af því að steinninn
er kaldur.
Hann er bæði kaldur og harður.
– Ég skal hjálpa þér litla fræ,
sagði hlýja golan.
Ég skal blása á þig.

Og svo blés golan.
Hún blés svo að fræið datt.
Það datt út af steininum.
– Þakka þér fyrir, góða gola,
sagði litla fræið.

➤ **Af hverju leið fræinu
illa á steininum?**

Fræið lá í mjúkri mold.
Moldin var góð við fræið.
Það var góð mold.
Nú var fræið þyrst.
Það varð svo þyrst
að það fór að gráta.

➤ **Af hverju fór litla fræið
aftur að gráta?**

– Af hverju grætur þú, litla fræ?
sagði skýið.

Fræið leit upp og sagði:

– Ég græt af því að ég er þyrst.

– Ég skal hjálpa þér, litla fræ,
sagði skýið.

Ég skal láta rigna á þig.

Skýið lét rigna á fræið.

– Þakka þér fyrir, góða ský,
sagði litla fræið.

Nú var fræið ekki þyrst.

➤ **Hvernig hjálpaði skýið
litla fræinu?**

– Hér er kalt og dimmt,
sagði litla fræið.

Það var svo kalt og dimmt
að litla fræið fór að gráta.

Lítill fluga flaug fram hjá.

– Af hverju ertu að gráta?
spurði litla flugan.

– Ég græt af því að mér er kalt.
Hér er bæði dimmt og kalt.

➤ **Hvar var bæði kalt
og dimmt?**

Þá sagði litla flugan:

– Reyndu að tylla þér á tær.

Þá nærð þú upp í yl og ljós.

– Ég kann ekki að tylla mér á tær.

Það eru engar tær á mér.

Ég næ ekki upp í yl og ljós,

sagði litla fræið.

– Jú, það eru tær á þér.

Reyndu að tylla þér á tær,

sagði litla flugan.

Fræið fann að það átti tær.

– Ég á tær, sagði litla fræið.

Þakka þér fyrir, góða fluga.

➤ **Hvað er að tylla sér á tær?**

Fræið fór að tylla sér á tær

og náði upp í yl og ljós.

Hljá golan blés á fræið.

Skýið lét rigna á það.

Sólin gaf því yl og ljós.

Moldin gaf því mat.

Litla fræið óx og óx.

Það fór aldrei að gráta.

Því var aldrei kalt.

Það var aldrei þyrst.

Það óx og það óx.

Það óx og varð að stóru tré.

➤ **Hver veitti fræinu yl og ljós?**

Það þakkaði hlýju golunni.

Það þakkaði skýinu fyrir regnið.

Það þakkaði litlu flugunni.

Það þakkaði sólinni fyrir yl og ljós.

Það þakkaði moldinni matinn.

➤ **Hverjir hjálpuðu litla fræinu?**